

Þríhnúkar ehf  
3H Travel ehf., bt. Björns Ólafssonar  
Markarflöt 5  
210 Garðabær



Reykjavík, 9. september 2013  
Tilvísun: UST20130800114/mik

### **Efni: Göngustígur frá Bláfjöllum að Þríhnúkum.**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Björns Ólafssonar, dags. 19. ágúst 2013, f.h. 3H Travel ehf., kt. 6002120790, varðandi tilraun til að bæta göngustíga frá Bláfjöllum að Þríhnúkum.

Svæðið sem um ræðir er innan Bláfjallafólkvangs. Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sbr. auglýsingu í Stj.tíð. B, 173/1985. Jarðrask og mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar, skv. auglýstum reglum svæðisins.

Lýsing á framkvæmd: Gera á tilraun til að bæta göngustíga frá Bláfjöllum og að Þríhnúkum. Mikil rigningartíð í sumar hefur gert stíga erfiða yfirferðar og mikil drulla myndast í afmarkaðar leiðir. 3H Travel ehf. óskar því eftir leyfi til að keyra grús í göngustíginn frá Bláfjöllum og að Djúpahelli en ekki yrði um samfellt lag að ræða heldur bæta þá staði sem mest álag er á svo að þetta falli vel að landi. Gert er ráð fyrir að mynda 50 – 70 cm breiðan slóða en notast yrði við hjólbörur og efnið keyrt frá bílastæðinu í Bláfjöllum. Félagið myndi bera allan kostnað af stígagerðinni.


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leiti ofangreinda framkvæmd með eftirfarandi skilyrðum.

- Öllu raski við framkvæmdina skal haldið í algeru lágmarki.
- Grús skal aðeins dreifa þar sem gróðurþekja hefur sannarlega rofnað og myndast hefur drullusvað á göngustígnum, ekki yfir hraun eða önnur svæði þar sem gróður og jarðvegur hefur ekki látið á sjá á gönguleiðinni.
- Vanda skal frágang, bæði fyrir og eftir að verki lýkur.
- Samkvæmt þeim reglum sem gilda um fólkvanginn er fótgangandi fólki heimil för um allt svæðið og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annarskonar tálmar, á þann veg að umferð fólks torveldist.
- Félagið öðlast ekki eignarrétt á stígnum þó það leggi fé í viðhald hans.
- Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmdunum og ber umsækjenda að tilkynna stofnuninni um hvenær framkvæmdir hefjist. Umsækjandi ber allan kostnað af eftirliti Umhverfisstofnunar samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar.


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávík á ofangreindri verklýsingu.

Umhverfisstofnun bendir umsóknaraðila á að umrætt svæði er þjóðlenda og því þarf einnig leyfi forsætisráðuneytisins fyrir framkvæmdinni.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri



Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur